

---

# Starfsáætlun Sandgerðisskóla 2021-2022


---



Sandgerðisskóli  
vöxtur – virðing – vilji - vinátta



**HEILSUEFLANDI**  
grunnskóli  
vellíðan fyrir alla



# Starfsáætlun 2021-22

## Tilgangur og hlutverk grunnskóla

Í 2. grein laga um grunnskóla segir: „Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Grunnskóli skal stuðla að vísýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra.


Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda”.

Tilgangur skólstarfs í Sandgerðisskóla er að fara eftir lögum þessum, Aðalnámskrá grunnskóla, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og siðareglum grunnskólakennara og annarra starfsmanna.

## Skólaárið

Starfsár Sandgerðisskóla stendur frá skólasetningu 23. ágúst 2021 til og með skólaslitum þann 3. júní 2022. Nemendadagar eru 180, þar af eru 6 skertir dagar (gulir) og 2 tvöfaldir gulir/appelsínugulir. Þess utan eru 5 starfsdagar starfsfólks á skólatíma nemenda og 8 dagar utan hans, 5 dagar fyrir skólasetningu og 3 dagar að loknum skólaslitum (sjá skóladagatal). Nemendur skólans eru 289 og 67 starfsmenn starfa í skólanum í vetur.

## Stjórnskipulag Sandgerðisskóla



## Starfsfólk skólans

Starfsmannahópurinn er fjölbreyttur og reynt að stöðjast við jafnréttisáætlun skólans við ráðningar sem og að starfsmannahópurinn endurspegli samfélagið sem við búum í. Hópurinn samanstendur af 56 konu og 11 körlum á aldrinum 20 til 58 ára. Þar af eru 6 erlendir ríkisborgarar. Sjá nánar á bls. 5-7.

## Starfsáætlun nemenda

**Stundaskrár** eru á Mentor, nemendur hafa einnig fengið þær með sér heim og þær má finna á vef skólans.

**Skólahátíð** skólans er 27. ágúst – þá er gulur dagur, pítsuveisla og óvæntir gestir í boði foreldrafélagsins og Suðurnesjabæjar.

**Skólarokk** er 4. og 5. nóvember.

**Foreldravöld** eru áætluð í vikunni 6.-10. september.

**Samskiptavikur** eru tvisvar á ári, sú nýbreytni er að foreldrasamtöl eru utan skólatíma nemenda og dreifast á fleiri daga, vikurnar 11.-15. október 2021 og 7.-11. febrúar 2022.

### Skóladagatal

Sjá bls. 14

### Tilhögun kennslu

Í skólanum er kennt samkvæmt aðferðum teymiskennslu (e. *team teaching*) og eru allir nemendur sama árgangs saman í bekk. Í flestum árgöngum eru tveir umsjónakennarar og eru stuðningsfulltrúar nánast í hverjum árgangi að auki. Umsjónarkennarar sinna allri almennri kennslu en auk þeirra koma íþrótt-, sund-, verkgreina- og stoðkennarar að námi nemenda.

### Kennsluáætlanir

Starfsfólk skólans nýtir sér Mentor er varðar upplýsingar og skráningar. Kennsluáætlanir árganga og faga má finna þar sem og í skólanámskrá.

### Innra mat

Á hverju vori fer fram innra mat á skólastarfi skólans, þar fer fram ígründun á starfinu og er matið nýtt til umbóta í skólastarfinu. Stuðst er við niðurstöður Skólapúlsins (nemendur, foreldrar, starfsfólk), nemendasamtala, starfsmannasamtala og vinnufunda. Skýrsluna má finna á heimasíðu skólans.

### Skólaráð

Í því sitja Hólmfríður Árnadóttir skólastjóri, Arne K. Arneson og Ásdís Elvarsdóttir fulltrúar starfsfólks, Arthur Soffíusson og Díana Guðrún Kristinsdóttir fulltrúar nemenda, Hannes Jón Jónsson og E. Kolbrún Eckard fulltrúar foreldra ásamt 1 fulltrúa grenndarsamfélags. Skólaráð starfar samkvæmt reglugerð 1157/2008 og er skipað til tveggja ára í senn.

### Foreldrafélag Sandgerðisskóla

Í því sitja Hannes Jón Jónsson formaður, Eyþór Örn Haraldsson, Ólöf Ólafsdóttir og E. Kolbrún Eckard. Foreldrafélagið starfar samkvæmt lögum nr. 91/2008.

**Haustfrí er 18. – 19. október** (önnur nýbreytni er vetrarfrí á vorönn 18. og 21. febrúar 2022).

**Baráttudagur gegn einelti** er 8. nóvember – þá er vinna vinabekkja og verkefni er stuðla að jákvæðum samskiptum unnin.

**Dagur íslenskrar tungu** er haldinn hátíðlegur á sal þann 16. nóvember. Barnakórinn syngur, lestarfjóri er gert hátt undir höfði og sungið og dansað. Upphaf stóru- og litlu upplestrarkeppninnar, „púltin afhent á milli bekkja“. Sigurvegarar stóru upplestrarkeppninnar frá fyrra ári lesa fyrir nemendur á leikskólanum Sólborgu og fyrir eldri borgara í Miðhúsum

**Dagur mannréttinda barna** 20. nóvember/22. nóvember er tileinkaður vinnu í anda Barnasáttmála SP.

**Fullveldisdaginn** 1. desember minnumst við sögu þjóðar á sal og gefum íslensku skáldi orðið.

**Hátíðarmatur** er þann 15. desember. Þá borða nemendur og starfsfólk saman hádegismat með jólaívaði.

**Jólastöðvar** eru 14. og 15. desember. Þá er öllum nemendum skipt upp í hópa sem fara saman milli stöðva og vinna ýmis verkefni.

**Jólaskemmtun** er 16. desember, þá er dansað og sungið á sal.

**Litlu jól** eru 17. desember. Þá er gulur dagur. Nemendur mæta í heimastofur og eiga þar stund með umsjónarteymum, smákökur og kerti leyfð.

**Jólafrí** er frá og með 18. desember 2021 til og með 2. janúar 2022. Þá er einnig frí hjá nemendum 3. janúar vegna starfsdags starfsfólks.

3. janúar – starfdagur.

7.-11. febrúar samskiptavika.

18. og 21. febrúar er vetrarfrí.

### Nemendaráð

Díana Guðrún Kristinsdóttir  
Sara Mist Atladóttir  
Amelia Zarebska  
Arthur Lúkas Soffíuson  
Brynja Dís Vela Grétudóttir  
Hjörvar Hugi Hannesson  
Kinga Viktoria Jarosz  
Nikola Urszula Piwowarska  
Rúnar Máni Brynjarsson  
Sigurbjörn Bergmann Lindbergsson  
Theodór Elmar Jónatansson  
Zuzanna Zarebska  
Ásdís Elma Ágústsdóttir  
Elísabet Viktoría Pétursdóttir  
Guðjón Þorgils Kristjánsson  
Karma Á. M. Ólafs.  
Katrín Ýr Baldursdóttir  
Mariam Elsayed Badawy  
Nadia Amrouni  
Sara Dís Ólafsdóttir  
Sigurlaug Unnur Stefánsdóttir

2. mars er **öskudagur**, þá mæta nemendur og starfsfólk í búningum ef vilja og skemmtun á sal.

14. mars er **dagur stærðfræðinnar**.

**Árshátíðir skólans** eru; yngri 30. og 31. mars (foreldrum skipt á dagana til áhorfs) Í ár verður sett upp stórt leikverk. Hjá eldri nemendum er árshátíðin 7. apríl með hefðbundnu sniði.

**Bíódagur** er 8. apríl. Þá eru atriði árshátíðar eldri sýnd yngri nemendum, myndir í boði og almenn kósíheit.

**Páskafri** er 11. – 18. apríl 2022.

**Skólaslit** eru 3. júní að þeim loknum er grill og gleði foreldrafélagsins.

### Skólaheilsugæsla

Skólahjúkrunarfræðingur Sandgerðisskóla, Þórný María Heiðarsdóttir, er við á miðvikudögum og fimmtudögum frá 10:00-14:00.

### Helstu markmið Sandgerðisskóla skólaárið 2021-22

- 1) Að halda áfram að efla læsi og styðja við stofusöfn og lestrarhvetjandi umhverfi með fjölbreyttu náms- og kennslufni í takt við læsisstefnu skólans. Ásdís Ösp Ólafsdóttir og Kolbrún Ósk Ásgeirsdóttir halda utan um læsismál, Ásdís sér um Byrjendalæsi og læsi á yngsta stigi – Kolbrún um læsi á mið- og unglingastigi.
- 2) Að efla nýsköpun og tækni með áframhaldandi innleiðingu á notkun tækni í skólastarfi. Nú er allt miðstíga með eigin iPad og unglingastíga með Cromebooks. Valdís H. Fransdóttir og Kári S. Kárasón halda utan um tæknimál og veita ráðgjöf og stuðning.
- 3) Komið er að nýbreytni í verkgreinastofum. Heimilisfræði- og tæknistofur fengu andlitslyftingu 2019, Textílstofa og sjónlist 2021. Næstu vetur verður það hönnun og smíði.
- 4) Vinna við Verkval og valfög nemenda verði öflug og fjölbreytt.
- 5) Að halda áfram að vinna með verkfæri sem starfsfólk fékk á námskeiði með Hugarfrelsi.
- 6) Að umsjónarkennara auki og efla bekkjarfundi í takt við stefnu skólans og námskeið á vegum MSHA sem haldið var haustið 2019.
- 7) Að allt starfsfólk auki við færni sína og þekkingu á líðan nemenda og haldi áfram að styðja nemendur í anda uppbyggingar. Takist á við samskiptavanda barna og efla jákvæða sjálfsmynd þeirra og líðan m.a. í takt við námskeið sem haldið var á vegum KVAN skólaárið 2020-21.

### Bókasafn Sandgerðis og Tónlistarskóla Sandgerðis

Öflugt og gott samstarf er milli Bókasafns Sandgerðis og Sandgerðisskóla sem og Tónlistarskóla Sandgerðis. Til að mynda fá allir nemendur 4. bekkjar fría hljóðfærakennslu heilt skólaár. Þá er bókasafnið opið alla daga vikunnar og á starfstíma skólans, þangað er innan gengt og eru allir nemendur ávallt velkomnir.

## Verkval

Sandgerðisskóli heldur áfram samstarfi við Tónlistarskóla Sandgerðis og heldur áfram að þróa enn frekar Verkval á miðstigi: [http://www.sprotasjodur.is/static/files/sandgerdisskoli\\_199\\_lokaskyrsla.pdf](http://www.sprotasjodur.is/static/files/sandgerdisskoli_199_lokaskyrsla.pdf)

Aðalnámskrá grunnskóla (2011) er kveðið á um val í námi nemenda og að valgreinar séu hluti af skyldunámi. Sandgerðisskóli hefur tekið upp valgreinar á miðstigi með líku fyrirkomulagi og tíðkast á unglíngastigi. Það er að nemendur í 5.-7. bekk fái að velja sér valgreinar út frá áhuga og á eigin forsendum og þannig tileinka sér þekkingu, leikni og hæfni ásamt jákvæðu viðhorfi til þeirra viðfangsefna sem þeir kjósa. Nám út frá áhugasviði og styrkleikum er hverju barni nauðsynlegt svo það megi njóta æsku sinnar og efla þroska og hæfileika. Þá er einnig nauðsynlegt að efla list-, verk- og tæknimenntun og þannig gefa nemendum tækifæri á að kynnast þáttum sem annars eru gjarnan út undan í hefðbundnu bóknámi. Framboð á valgreinum tekur mið af lykilhæfni: tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýnni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð og mati á eigin námi og verður fléttað við hugmyndafræði Fullans og Scott (2014) "The Six C's".




Verk eftir nemendur í Verkvali

C-in sex sem um ræðir eru eftirfarandi: Mannkostir (e. *Character*), að efla okkur sem manneskjur í flókinni veröld með áherslu á hugrekki, ákveðni, þrautseigju, áreiðanleika og heiðarleika. Ríkisborgari/heimsborgari (e. *Citizenship*), að hugsa um alþjóðleg málefni og hvernig við getum í samvinnu við aðra leyst vandamál sem hafa áhrif að mannkynið, umhverfið og sjálfbærni. Samvinna (e. *Collaboration*), að vinna einn eða með öðrum að verkefnum sem krefjast verkstjórnunar, öflugri teymisvinnu, sameiginlegri ákvarðanatöku og að læra og deila með öðrum. Samskipti (e. *Communication*), að hafa yfir að ráða færni í stafrænu læsi, hefðbundnu læsi og tjáningu fyrir breiðan hóp áheyrenda. Sköpun (e. *Creativity*), að hafa auga nýsköpunar fyrir nýjum leiðum og aðferðum og forystuhæfni til að fylgja þeim eftir.

Gagnrýnin hugsun (e. *Critical thinking*), að meta upplýsingar og ágreiningsefni á gagnrýnin hátt, að sjá út mynstur og tengingar, að byggja upp þekkingu og nýta í daglegu lífi. Við viljum bæta við sjöunda C-inu: Forritun (e. *Coding*), að geta sett saman og greint mismunandi merkingu hluta/búta sem saman mynda takt, hreyfingu, munstur eða ferli. Saman munu þessir þættir ásamt hugmyndafræði skóla án aðgreiningar, sem markvisst er unnið að í Sandgerðisskóla, stuðla að nýsköpun og færni til framtíðar, ásamt því að efla hæfni nemenda til að takast á við áskoranir 21. aldarinnar. Þá falla einkunnarorð skólans; vöxtur, vilji, virðing og vinátta vel að verkefninu sem og námskrá skólans (sjá á heiasíðu).

**Verið er að vinna að nýrri Fræðslu- og frístundastefnu Suðurnesjabæjar. Áætlað var að þeirri vinnu lyki á vorönn 2021. Hún verður væntanlega gefin út fljótlega.**



Mynd eftir nemanda í ljósmyndavali

## Val á unglिंगastigi

Á unglिंगastigi er einnig fjölbreytt val, valfög innan og utan skóla. Þá er nám og þjálfun utan skóla metið sem og íþróttir, tónlistanáms og sjálfboðastarf. Þeir sem lokið hafa námsefni grunnskólans geta fengið að sækja fög á framhaldsskólastigi í fjarnámi á skólatíma. Einnig er samtarf við FS um val á unglिंगastigi.

Gott samstarf er við íþróttafélög á Suðurnesjum og Björgunarsveitina Sigurvon.

## Hlutverk starfsfólks

Enginn skóli væri til án starfsfólks frekar en nemenda. Starfsfólk skólans starfar í anda Uppeldi til ábyrgðar, laga og reglugerða um starf grunnskóla, siðareglum kennara og einkunnarorða skólans sem eru: vöxtur, virðing, vilji og vinátta.

### Yngsta stig

- 1. bekkur: Elsa Marta Ægisdóttir og Hrafnhildur Þórunn Ásgrímsdóttir ásamt Ásdísi Elvarsdóttur og Gunnlaugu Maríu Óskarsdóttur
- 2. bekkur: Helga Sigurðardóttir og Sigríður Fjóra Þorsteinsdóttir ásamt Helenu Mariu Piechnik
- 3. bekkur: Arna Vala Eggertsdóttir og Elísabet Inga Kristófersdóttir ásamt Ester Grétarsdóttur
- 4. bekkur: Ásdís Ösp Ólafsdóttir og Nína Ósk Kristinsdóttir ásamt Ásu Ingibjörgu Sigurbjörnsdóttur
- Stoðþjónusta: Riddaragarður, Ásgarður, Þjóðgarður, lestrarömmur og lestrarhópar, nemendaráðgjafi og námsráðgjafi

### Miðstig

- 5. bekkur: Rakel Ósk Eckard ásamt Hjördísi Ýri Hjartardóttur
- 6. bekkur: Ragnheiður Alma Snæbjörnsdóttir og Thelma Rúnarsdóttir ásamt Ársæli K. Björnssyni og Piotr Mazurek.
- 7. Bekkur: Íris Valsdóttir og Jóhann Jóhannsson ásamt Sigríði Hönnu Sigurðardóttur og S. Eydísi Eiríksdóttur
- Stoðþjónusta: Ásgarður, Riddaragarður, Þjóðgarður, Mikligarður, nemendaráðgjafi og námsráðgjafi

## Elsta stig

- 8. bekkur: Íris Rut Jónsdóttir, Örn Ævar Hjartarson og Sindri Lars Ómarsson
- 9. bekkur: Kolbrún Ósk Ásgeirsdóttir og Sigurður Hilmar Guðjónsson ásamt Guðlaugu S. Gunnarsdóttur
- 10. bekkur: Raket Rós Ævarsdóttir
- Stoðþjónusta: Mikligarður, Námsver, Þjóðgarður, nemendaráðgjafi og námsráðgjafi

## Aðrir kennarar – stoðþjónusta

- Apríl Rún Ágústudóttir – stoðþjónusta
- Arne Kristinn Arneson – hönnun og smíðar/val
- Astrid Elísabet Þorgrímsdóttir – stoðþjónusta
- Aþena Eir Jónsdóttir – fæðingarorlof
- Ásdís Birna Bjarnadóttir - fæðingarorlof
- Birta Rós Arnórsdóttir – Þjóðgarður – íslenska sem annað mál
- Björk Garðarsdóttir – bókasafn
- Brynja Rúnarsdóttir – íþróttir, sund, val og stoðþjónustu
- Daria Luczków – pólskukennsla
- Guðbjörg Eva Guðjónsdóttir – afleysingar
- Guðrún Ósk Ársælsdóttir– textíll/val
- Guðrún Ósk Gunnlaugsdóttir – náttúrufræði og stoðþjónusta/val
- Heiða Björg Valdimarsdóttir – þroskaþjálfari
- Hlynur Þór Valsson – Riddaragarður
- Hólmar Örn Rúnarsson – íþróttir, sund og stoðþjónusta
- Jenný Halldórsdóttir – Þjóðgarður og Ásgarður
- Kári S. Kárason – UTM og tölvuumsjón/val
- Konný Hrunn Gunnarsdóttir – sjónlist/val
- Margrét Bjarnadóttir – fæðingarorlof
- Ragnhildur L. Guðmundsdóttir – námsráðgjafi, Skjöldur, danska
- Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir – heimilisfræði/val
- Sigurbjörg Hjálmarsdóttir – tónmenntakennsla og kórstjórn
- Þórunn Magnúsdóttir – sund

## Stjórnendur

- Hólmfríður Árnadóttir – skólastjóri (leyfi)
- Bylgja Baldursdóttir – aðstoðarskólastjóri – staðgengill skólastjóra
- Fríða Stefánsdóttir – deildastjóri – staðgengill aðstoðarskólastjóra
- Valdís Hildur Fransdóttir – deildastjóri stoðþjónustu

## Annað starfsfólk

- Inga Snæfells Reimarsdóttir – skrifstofustjóri
- Hannes Jón Jónsson – umsjónarmaður
- Skólaliðar
  - Hafdís Jóhannsdóttir
  - Harpa Jóhannsdóttir
  - Katarzyna Blasik
  - Luyiza Krasovska
  - Sigurborg Fuglög Hlökkversdóttir



Nemendur í vináttupjálfun/hópefli á skólalóð

## Skólaset - frístund

- Heiða Rafnsdóttir - forstöðumaður
- Ásdís Elvarsdóttir
- Birta Rós Hreiðarsdóttir
- Gunnlaug María Óskarsdóttir
- Ilona Szymajda
- Ólöf María Vilmundardóttir

## Stjórnendur – hlutverk og ábyrgð

**Hólmfríður skólastjóri:** Starfsmannamál, ráðningar eða breytingar í starfi, tilkynningar forfalla og leyfisveitingar. Ef þú þarft að kaupa eitthvað eða fá leyfi til að panta þá leitar þú til hennar. Hólmfríður sér um launamál, stundatöflur, rekstur skýrslu- og áætlanagerð sem og innra mat. Hólmfríður er tengiliður við stjórnslu og nefndir og ráð á vegum sveitarfélagsins og aðrar stofnanir.

**Bylgja aðstoðarskólastjóri: staðgengill skólastjóra.** Sér um bókakaup og pantanir. Bylgja sér um forföll kennara. Bylgja er umsjónarmaður Uppeldi til ábyrgðar – agastefnu skólans. Bylgja aðstoðar við Mentor og vitnisburði. Hún sér um nemendakönnunina Skólapúlsinn. Tekur á móti nýjum nemendum og heldur utan um samtarf við leikskólann „Brúum bilið“. Situr í nemendaverndarráði og ritar fundargerðir.

**Valdís Hildur deildastjóri stoðþjónustu:** Hún skipuleggur stoðþjónustu og stuðning. Hún er næsti yfirmaður stuðningsfulltrúa. Valdís hefur yfirumsjón með skimunum í skólanum. Hún sér um að samræma stuðning við nemendur í skólanum og halda utan um upplýsingar er þá varðar. Til hennar leitar þú ef nemandi í bekknum þínum á vandræðum með nám, líðan, samskipti eða hegðun. Valdís sækir um stuðningsúrræði og eða undanþágur frá samræmdum könnunarprófum. Hún situr sérfræðingateymisfundum ásamt stoðkennurum skólans. Valdís hefur yfirumsjón með öllum teymisfundum sem tengjast nemendum, tekur á aga málum dags daglega í samvinnu við starfsmenn og vísar málum áfram ef þurfa þykir.

**Fríða deildastjóri:** Hún sinnir skipulagi útigæslu í samráði við umsjónarmann, skólalíða og stuðningsfulltrúa ásamt því að halda utan um valgreinar. Hún sér um óhefðbundna skemmtidaga eins og þemadaga, skólarokk, árshátíð og jólastöðvar. Fríða skipuleggur dagskrá árgangafunda og sér um að útbúa mætingarsamninga þegar þess þarf. Fríða sér um að panta skólaferðir og er tengiliður upplestrarkeppinnar. Hún hefur yfirumsjón með skipulagi í kringum samræmd próf í samvinnu við aðra stjórnendur. Fríða tekur á aga málum dags daglega í samvinnu við starfsmenn og vísar málum áfram ef þurfa þykir.

## Umsjónarkennarar – hlutverk og ábyrgð

Umsjónarkennarar bera frumábyrgð á öllum sínum nemendum. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er hlutverk umsjónarkennara að vera tengiliður skólans við heimilin. Hann á að fylgjast náið með námi nemenda sinna, þroska og breytingum á högum og atferli þeirra sem skipt geta máli hvað varðar frammistöðu og líðan þeirra í skólanum.

Umsjónarkennarar eiga að leiðbeina nemendum í námi og starfi og aðstoða þá og ráðleggja þeim um persónuleg málefni. Umsjónarkennarar þurfa að vera í góðu samstarfi við foreldra og þeir sjá um foreldraviðtöl.

Þeir eiga að veita foreldrum upplýsingar um gengi og líðan barna þeirra, sem og ef gera þarf einhverjar ráðstafanir þar að lútandi, með t.d. sérkennslu, sérúrræði o.s.frv.

Þar sem umsjónarkennarar eru helstu tengiliðir við heimilin þurfa þeir að veita samkennurum og öðrum viðkomandi barninu upplýsingar sem foreldrar/forráðamenn vilja koma áleiðis.

Umsjónarkennarar sjá um að undirbúa og skipuleggja jólaskemmtun og árshátíð sem og aðrar tilbreytingar með eigin bekk. Þeir gæta þess að unnið sé með og skipuleggja vinnu við forvarnir gegn einelti, samskipti nemenda og uppeldi til ábyrgðar.



## Uppeldi til ábyrgðar

Uppeldi til ábyrgðar (*e. Restitution/Real Restitution*) oft nefnd Uppbyggingarstefnan miðar að því að finna leiðir til að ýta undir jákvæð samskipti nemenda. Þar byggir á að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum. Börnum og unglingum er kennd sjálfstjórn og sjálfsagi, að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og læra af mistökum í samskiptum. Helstu markmið eru að:


- sinna þörfum sínum af ábyrgð gagnvart sjálfum sér og öðrum (þarfahringur),
- bera ábyrgð á eigin mistökum,
- finna leiðir til að hafa stjórn á eigin hegðun,
- finna leiðir til að leiðrétta mistök og bæta fyrir þau,
- hafa sameiginlegar aðferðir við lausn ágreiningsefna,
- bregðast rétt við aðstæðum (frjósa – flýja – berjast),
- mynda tengsl við aðra,
- setja sér markmið, gera uppbyggingaráætlanir, stunda sjálfsrannsókn,
- rækta og efla sinn innri áhuga,
- verða þeir sjálfir - þær manneskjur sem þeir vilja vera,
- gera bekkjarsáttmála og fara eftir honum.

## Byrjendalæsi í 1. - 3. bekk

Byrjendalæsi er samvirk læsiskennsla barna 1. og 2. bekk og innifelur bæði eindaraðferðir og heildaraðferðir. Byrjendalæsi byggir á aðferðum sem rannsóknir hafa leitt í ljós að skila árangri í læsinnámi barna. Við samsetningu Byrjendalæsis var meðal annars stuðst við kenningar Gudschinsky, Frost, Rumelhart, Solity og Leimar. Ennfremur var sótt til NRP2000 rannsóknarinnar þar sem kemur fram mikilvægi þess að kennsluáðferðir í læsi feli í sér nálgun sem nái til allra þátta móðurmálsins. Þannig er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld í eina heild undir hatti læsis. Enn fremur eru sértækir þættir tungumálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforði og lesskilningur tengd inn í ferlið. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Þegar börn hefja nám í 1. bekk eru þau misjafnlega á vegi stödd. Sum þekkja stafi, önnur eru farin að lesa og svo er hópur sem þarf að læra alla stafina og hvernig á að vinna með þá. Byrjendalæsi gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið og því er lögð áhersla á samvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt (<https://www.msha.is/is/byrjendalaesi-moodle>).

## Umhverfis og endurvinnslustefna

Umhverfis- og endurvinnsluteymi vinnur að aukinni umhverfisvitund, orkuvitund, endurvinnslu og matarsóun. Flokkunartunnur eru í öllum stofum og matsal. Tommapokar eru við alla útganga skólans, í þá má tína rusl og þannig leggja sitt af mörkum við að fegra umhverfið. Unnið er að aukinni vitund um matar- og orkusóun.



Mynd af nemendum í vettvangsferð á Þekkingarsetri Suðurnesja

## Skólareglur Sandgerðisskóla

### Almenn umgengni

- Við göngum vel um og berum virðingu fyrir skólanum, eigum okkar og annarra
- Við erum ábyrg gjörða okkar

### Samskipti

- Við komum fram af virðingu og sýnum trúðmennsku og háttvísi innan skólans sem utan
- Við vinnum gegn einelti
- Við sýnum ábyrga hegðun

### Stundvísi

- Við temjum okkur stundvísi
- Við virðum tíma hvers annars

### Ástundun náms

- Við sýnum vilja til að ná námsmarkmiðum
- Við leggjum okkur fram um að hver og einn fái tækifæri til að vaxa og dafna

### Heilbrigðar og hollar lífsvenjur



- Við temjum okkur holla lífshætti
- Við erum hrein, snyrtileg og klædd eftir aðstæðum

## Mætingareglur nemenda

Viðbragðsáætlun Sandgerðisskóla við skólasóknarvanda skiptist í viðbrögð við fjarvistum nemenda og óhóflegum leyfisóskum. Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda skal skoða síðastliðna þrjá mánuði og telja saman leyfi eða fjarvistir. Umsjónarkennari í samstarfi við deildastjóra gerir mætingarsamning ef þess þarf.

## Forföll og leyfi

Veikindi nemenda er hægt að tilkynna með tölvupósti eða símtali við ritara, einnig í gegn um Mentor. Umsjónakennarar geta gefið leyfi í einn dag ef óskað er eftir lengra leyfi fyrir nemendur ber foreldrum/forráðamönnum að sækja um það í tíma til stjórnenda. Sé óskað eftir leyfi í lengri tíma en viku ber að sinna námi barns samkvæmt samtali við umsjónarkennara.



Tækja- og símareglur nemenda

Sandgerðisskóli Kennslustofa 1. - 6. bekkur		Sandgerðisskóli Kennslustofa 7. - 10. bekkur	
 <p>Spjaldið er námstæki</p> <p>Kennari stýrir kennslustund og ákveður hvenær spjald eru í notkun</p> <p>Pegar spjaldið er ekki í notkun:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- er stillt á hljóðlaust</li> <li>- tækinu lokað</li> <li>- tækið geymt í skáp/hillu</li> </ul>	 <p>Síminn</p> <p>á aldrei að trufla skólafarir.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Síminn er geymdur í tösku eða heima.</li> <li>- Síminn er stilltur á hljóðlaust.</li> </ul>	 <p>Chromebooks er námstæki</p> <p>Kennari stýrir kennslustund og ákveður hvenær tölvun er í notkun</p> <p>Pegar tölvun er ekki í notkun:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- er stillt á hljóðlaust</li> <li>- tölvunni lokað</li> <li>- tölva geymd í skáp/hillu</li> </ul>	 <p>Síminn</p> <p>á aldrei að trufla kennslustund.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Síminn er geymdur í tösku eða heima.</li> <li>- Síminn er stilltur á hljóðlaust.</li> </ul>
 <p>Myndataka</p> <p>Bannað að taka upp myndir/myndbönd nema með sérstöku leyfi starfsfólks</p> 		 <p>Myndataka</p> <p>Bannað að taka upp myndir/myndbönd nema með sérstöku leyfi starfsfólks</p> 	

Sandgerðisskóli Inni frímínútur 6. - 10. bekkur	Sandgerðisskóli Matarhlé unglinga/ Matsalur	Sandgerðisskóli Gangurinn þegar kennsla er í gangi
 <p>Síminn</p> <p>er leyfilegur en er alltaf stilltur á hljóðlaust</p>	 <p>Nýtum tímann til jákvæðra samskipta og þöllum upp á hvort annað.</p>	 <p>Síminn</p> <p>er leyfilegur þegar nemendur sem sitja saman við matarborðið og hafa lokað við að borða.</p>
 <p>Síminn</p> <p>er ekki leyfilegur á meðan nemendur eru að borða í matsal</p>	 <p>Spjaldið</p> <p>- Það er ekki leyfilegt að vera í spjaldtölvunni á milli stofa eða á milli kennslustunda.</p> <p>Spjaldið á að vera lokað.</p>	 <p>Síminn</p> <p>- Á ekki að vera sýnilegur.</p> <p>- Á að vera skilin eftir í kennslustofu þegar nemandi fer úr kennstu til að fara á salerni eða til að sækja vatn í brúsa.</p>
 <p>Myndataka</p> <p>Bannað að taka upp myndir/myndbönd nema með sérstöku leyfi starfsfólks</p> 		 <p>Myndataka</p> <p>Bannað að taka upp myndir/myndbönd nema með sérstöku leyfi starfsfólks</p> 

### Opnunartími skólans og viðvera sérfræðinga

Skólinn opnar 07:30 og er hafragrautur í boði frá 08:00 – 08:45. Kennsla fyrir 1. – 7. bekk hefst 08:15 en fyrir 8.-10. bekk kl. 09:00. Viðvera stjórnenda er alla daga á starfstíma skólans (08:00 -16:00). Kennsluráðgjafi er við f.h. annan hvern fimmtudag. Viðtalstími stoðþjónustu er í samráði við þá aðila er henni sinna.

### Mötuneyti og heilsueflandi grunnskóli

Skólamatur sér um mat nemenda og starfsfólks. Foreldrar/forráðamenn þurfa að skrá nemendur í mat á skolamatur.is. Nemendur fá úthlutað númeri sem þeir þurfa að slá inn þegar þeir fara í mat. 1. 5. bekkur fer í mat kl. 11:25 -11:40 og fá að mat loknum frímínútur til 11:55. 6.-10. bekkur fer í mat 12:05 og í frímínútur til 12:35 að honum loknum.

Sandgerðisskóli er heilsueflandi grunnskóli og reglulega er farið í vinnu því tengdu með nemendum. Við hvetjum foreldra til að senda börn sín með hollt og gott nesti í skólann. Nestistími yngri nemenda er frá 10:35-10:45 eftir það fara þeir í frímínútur til kl. 10:05. Eldri nemendur borða nesti í matsal en yngri í heimastofum.

### Símenntunaráætlun

Áframhaldandi vinna með læsi, Byrjendalæsisssmiðjur og vinna með lestur og læsi á mið- og unglíngastigi.

Áfram verður unnið með Hugarfrelsi til að efla vellíðan nemenda enda kannanir sýnt að þar þurfum við helst að bregðast vil.

Áfram verður unnið að eflingu bekkjarbrags og vinnu í anda Uppeldi til ábyrgðar undir leiðsögn Bylgju Baldursdóttur.

Starf leiðsagnarkennara verður í höndum Fríðu Stefánsdóttur og mun hún handleiða teymi skólans en innleiðing á teymiskennslu hefur staðið yfir í þrjú ár og hefur teymiskennsla fest sig í sessi í skólustarfinu.

Flestir umsjónakennarar hafa fengið kennslu í notkun Verkfærakistu KVAN hjá Vöndu Sigurgeirsdóttur. Er það liður í að efla jákvæðan bekkjarbrag, vinna að forvörnum er varðar samskiptavanda og einelti og vináttupjálfun. Markvisst verður unnið í þessum anda í vetur.

Starfsfólk skólans mun auk þess sækja endurmenntun á vegum Fræðslusviðs Suðurnesjabæjar.

### Rýminga áætlun/viðbragðsáætlun

Var uppfærð 2021 og má finna á heimasíðu skólans

### Áfallaáætlun

Var uppfærð 2021 og má finna á heimasíðu skólans

### Jafnréttisáætlun

Var uppfærð 2019 og má finna á heimasíðu skólans

### Samskiptaáætlun/viðbrögð við grun um einelti

Var uppfærð 2020 og má finna á heimasíðu skólans.

Nafn skóla: Sandgerðisskóli

Skóladagatal 2021 - 2022

Samband íslenskra  
sveitarfélaga

AGUST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAI	JUNI
1 S	1 M	1 F	1 M	1 M	1 L	1 Þ	1 Þ	1 F	1 S	1 M
2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F
3 Þ	3 S	3 S	3 M	3 F	3 M	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F
4 M	4 L	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 F	4 M	4 M	4 L
5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S
6 F	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F	6 S	6 S	6 M	6 F	6 M
7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 M	7 M	7 F	7 L	7 Þ
8 S	8 M	8 F	8 M	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F	8 S	8 M
9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F
10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S	10 Þ	10 F
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 F	11 M	11 M	11 L
12 S	12 Þ	12 S	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S
13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M
14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 L	14 F	14 M	14 M	14 F	14 L	14 Þ
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 Þ	15 Þ	15 F	15 S	15 M
16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F
17 Þ	17 S	17 M	17 M	17 F	17 M	17 F	17 F	17 S	17 Þ	17 L
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 F	18 M	18 M	18 L
19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S
20 Þ	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 S	20 S	20 M	20 F	20 M
21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M	21 F	21 L	21 Þ
22 S	22 M	22 F	22 M	22 M	22 L	22 Þ	22 Þ	22 S	22 M	22 F
23 M	23 F	23 L	23 M	23 F	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F
24 Þ	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 M	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 M	25 L
26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 M	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F	26 S
27 F	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M
28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 M	28 M	28 L	28 L	28 Þ
29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 Þ	29 Þ	29 F	29 S	29 M
30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F
31 Þ	31 S	31 M	31 F	31 M	31 M	31 F	31 F	31 Þ	31 Þ	31 M